

ÞRIÐJUDAGUR 6. DESEMBER 1988.

Kvennalistinn eftir viðræður við ráðherrana í gær:

Tilbúinn að tryggja hallalaus fjárlög

„Við erum alveg tilbúnar til þess að finna réttláta skatta og höfum ekkert á móti því að þeir sem geta borgi réttlátega til samfélagsins,” sagði Danfríður Skarphéðinsdóttir, þingmaður Kvennalistans, aðspurð um hvort Kvennalistinn væri tilbúinn til þess að vinna með ríkisstjórninni að því að finna þá skatta sem flokkurinn gæti sætt sig við og yrðu til þess að tryggja hallalausan ríkisrekstur á næsta ári.

Að sögn Danfríðar hefur Kvennalistinn ekki mótað afstöðu sína til

þeirra tekjuöflunarfrumvarpa sem lögð hafa verið fram utan hvað hann er fylgjandi frestun virðisaukaskatts. Hún taldi einnig öll líkindi til þess að flokkurinn samþykkti sérstakt vörugjald á sætindi. Hins vegar væri líklegt að Kvennalistinn greiddi atkvæði gegn hinum hluta vörugjaldshækunarinnar, sem leggst á húsgögn, heimiliðæki og ýmsar bygginingarvörur. Flokkurinn væri hins vegar tilbúinn til þess í samræði við ríkisstjórnina að finna réttlátarí

skatt sem gæfi sömu tekjur í ríkis sjóð.

Lítill andstaða er innan þings um sum þeirra tekjuöflunarfrumvarpa sem lögð hafa verið fram. Skattur á veðdeildir banka og ýmsa sjóði og framlenging á vörugjaldi mætir lítilli andstöðu. Frestun á upptökum virðisaukaskatts fer örugglega gegnum bingið og skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnaði kemst í gegn með hlutleysi Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur.

„Ég held að það sé mikill skiln-

ingur fyrir því í þinginu að það gengur ekki lengur að reka ríkis sjóð með erlendum lánum,” sagði Olafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra. Hann vildi ekki tjá sig um árangur funda sinna með stjórnarandstöðunni i gær nemur hvað framhald yrði á þeim fundum.

Aðspurður sagði Olafur að það frumvörp, sem þegar hefðu verit lögð fram, væru ekki óumbreytanleg og stjórnin væri tilbúin til að taka tillit til afstöðu stjórnarandstöðunnar til peirra.

-gse



Hér knýja þær Danfríður Skarphéðinsdóttir og Guðrún Agnarsdóttir dyra á fundarsal fjármála-ráðuneytisins í gær þar sem Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra kynnti þeim tekju- og eignarskattsfurmvarp sitt.

DV-mynd GVA